

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnabraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 3. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Mars 2011

Áburðaráætlanir

Nú eru allir áburðarframleiðendur búnir að gefa út verð og flestir veita afslátt ef pantað er fyrir miðjan marsmánuð. Það er því ekki til setunnar boðið ef menn vilja láta vinna áburðaráætlanir fyrir vorið. Í áburðaráætlun er tekið mið af áburðarþörf, nýtingu búfjáráburðar og verði. Við mat á áburðarþörfum koma hey- og jarðvegsefnagreininger í góðar þarfir sem og ræktunarsaga og uppskera fyrri ára.

Allar áburðaráætlanir okkar eru unnar í www.jörð.is og þar eiga að birtast tunkortaspildur sem teiknaðar hafa verið inn í loftmyndagrunn Loftmynda ehf. Það er því afar þægilegt ef til er slíkt tunkort á bænum sem unnið er fyrir en alls ekki nauðsynlegt. Ef ekki er til slíkt tunkort eru tveir möguleikar, annars vegar að láta teikna slíkt eða þá stofnskrá spildurnar án loftmyndatengingar inn í jörð.is.

Þeir sem tóku að lágmarki 3 heysýni í sumar og eru með tunkort aðgengilegt á jörð.is fá í ár áburðaráætlanir endurgjaldslaust. Annars eru áburðaráætlanir unnar á tímagjaldi skv. gjaldskrá BHS og er það 3.400 kr/klst. Inni á heimasíðunni okkar má nálgast excel-skjal sem hægt er að færa inn spildur, búfjáráburð, fyrirhugaða grænfóður- og/eða kornræktun o.s.frv. en það flýtir fyrir gerð áætlunar ef slíkt liggur fyrir við upphaf hennar. Þeir sem eru byrjaðir að nota jörð.is geta skráð sömu upplýsingar þar inn.

Fyrir þá sem vinna sínar áætlanir sjálfir viljum við benda á að á heimasíðunni okkar erum við með excel-skjal sem sýnir magn fosfórs og kalí sem fylgir með hverjum 100 kg af köfnunarefni í mismunandi blöndum áburðarsalanna og verð miðað við það.

Slátrun ógeltra hrútlamba

Við vekjum athygli sauðfjárbænda á því að í haust var reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturfurða breytt þannig að ógelt hrútlömb eru núna flokkuð sem hrútar í sláturhúsum frá 1. nóvember og því nánast verðlaus á þessum tíma árs. Þetta er breyting frá fyrri árum þegar lambhrútar breyttust aftur í lömb 1. mars ár hvert. Gelt hrútlömb eru eins og gimbrar flokkuð sem lömb að 12 mánaða aldri að því tilskyldu að liðnir séu að lágmarki 2 mánuðir frá geldingu.

Búfjáreftilit

Árleg yfirferð búfjáreftilits er að skríða af stað á svæðinu. Við viljum biðja menn að gera ráðstafanir eins og kostur er, til að hægt sé að skoða allan búfénað á viðeigandi hátt og telja skepnur. Við minnum einnig á að einstaklingsmerki eiga að vera komin í alla ásetningsgripi.

Bændur sem eru í gæðastýringu í sauðfjárrækt viljum við minna á að gæðahandbækur þurfa að vera útfylltar og tilbúnar fyrir árið 2010.

Félag kúabænda í A-Hún

Boðar aðalfund í Sjálfstæðissalnum á Blönduósi föstudaginn 4.mars n.k. kl. 13:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar.

Á fundinn mæta Baldur Helgi Benjamínsson framkvæmdarstjóri LK og fer yfir stöðu greinarinnar meðal annars í kjaramálum. Sigurður Jóhannesson framkvæmdarstjóri SAH afurða segir frá nautakjötsmarkaðnum og þá mun Þórður Pálsson ráðunautur fara yfir skýrsluhald kúabænda og fleira.

Félag kúabænda í V-Hún auglýsir

Félag Kúabænda í V-Hún verður með spjallfund að Neðri-Torfustöðum þri. **8. mars** kl.13:30 Magnús B. Jónsson mætir til spjalls og ráðagerða. Allir velkomnir.

Fjárræktarfélag Viðdælinga

Boðar aðalfund þriðjudaginn **8. mars** næstkomandi í Víðihlíð kl. 14:00.

Fjárræktarfélag Svínvatnshrepps

Boðar aðalfund þriðjudaginn **8. mars** næstkomandi í Dalsmynni kl. 20:30.

Hrossaræktendur - Hestamenn

Almennur fundur um málefni hrossaræktar og hestamennsku verður haldinn á Gauksmýri miðvikudaginn **9.mars** og hefst kl. 20:30.

Frummælendur:

Kristinn Guðnason, formaður Félags hrossabænda,
Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ,
Haraldur Þórarinnsson, formaður LH

Samtök Húnvetnskra Hrossabænda

Félag sauðfjárabænda í Strandasýslu

Boðar aðalfund fimmtudaginn **10. mars** kl 13:30 á Café Riis á Hólmavík. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og Sigurgeir Sindri, formaður LS, mætir á fundinn.

Félag sauðfjárabænda í V-Hún

Boðar aðalfund föstudaginn **18.mars** n.k. Fundurinn verður haldinn í matsal Sláturhúss KVH ehf. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Gestir á fundinum verða Hallfríður Ósk Ólafsdóttir og Magnús Freyr Jónsson framkvæmdastjóri Sláturhúss KVH ehf.

Á undan fundinum verður kvöldverður í boði sláturhússins og hefst hann kl.20, húsið opnað kl 19.30. Viljum við biðja þá sem ætla að koma í matinn að skrá þátttöku á netfangið torodds@simnet.is eða hjá Matthildi í síma 848-0040 ekki síðar en föstudaginn 11. mars.

Fjárræktarfélag Fremri- og Ytri-Torfustaðahrepps

Boða aðalfund mánudaginn **21. mars** næstkomandi í Ásbyrgi kl. 20:30.

Fræðaping landbúnaðarins

Dagana 10.-11. mars verður enginn við á skrifstofu BHS vegna Fræðapings landbúnaðarins. Hægt er að ná í ráðunauta ef þörf krefur í farsímum, Gunnar í 895-4365, Anna Magga í 848-6774, Þórður í 898-3243 og Kristján í 865-5546.
